

**23. fundur Skipulags, bygginga, umhverfis og samgöngunefndar haldinn
Fundarsalur Álftavers,
miðvikudaginn 1. desember 2021, kl. 16:15.**

Fundinn sátu:

Anna Lind Ragnarsdóttir, Hulda Gunnarsdóttir, Valgeir Scott, Þorbergur Kjartansson, Sigurdís Samúelsdóttir, Jóhann Birkir Helgason og Bragi Þór Thoroddsen.

Fundargerð ritaði: Jóhann Birkir Helgason, .

1. Framkvæmdaleyfi fyrir landfyllingu inn af Langeyri - 2111005

Tekin fyrir framkvæmdaleyfisumsókn dags. 30. nóvember 2021 frá skipulags- og byggingarfulltrúa Súðavíkurhrepps þar sem sótt er um framkvæmdaleyfi fyrir landfyllingu inn af Langeyri vegna fyrirhugaðrar kalkþörungaverksmiðju.

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd leggur til við sveitarstjórn að framkvæmdaleyfi verði veitt fyrir landfyllingu á Langeyri. Fyrir liggja niðurstöður um fornleifarannsókn, unnin af Ragnar Edvardssyni og umhverfisrannsóknir unnar af Náttúrustofu Vestfjarða.

Nefndin leggur til við sveitarstjórn að kannað verði hvort mögulegt sé að mæla loftgæði við byggð og að vöktun haldi áfram eftir að verksmiðjan er komin í gang.

Samþykkt

2. Aðalskipulag Súðavíkurhrepps 2019-2030, breyting - 2110005

Tekin fyrir skipulagslýsing dagsett í nóvember 2021 er varðar breytingar á Aðalskipulagi Súðavíkurhrepps 2020-2032, Iðnaðarsvæði innan Langeyrar og íbúðarsvæði neðan Aðalgötu.

Markmið aðalskipulagsbreytingarinnar er tvíþætt. Annars vegar að stækka fyrirhugaða landfyllingu og iðnaðarsvæði innan við Langeyri miðað við gildandi skipulag. Með stækkuninni skapast rými fyrir hráefnisþrær í tengslum við fyrirhugaða kalkþörungaverksmiðju og þar með dregur úr hættu á mengun í sjó vegna kalkþörungasetts sem dælt verður í land. Hins vegar er gert ráð fyrir að breyta svæði fyrir þjónustustofnanir neðan Aðalgötu, við Ákabúð, í íbúðarsvæði.

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd leggur til við sveitarstjórn að heimila málsmeðferð skv. VII kafla skipulagslaga 123/2010 vegna breytinga á Aðalskipulagi Súðavíkurhrepps 2020-2032, vegna breytinga á landfyllingu innan Langeyrar og neðan Aðalgötu, við Ákabúð.

Samþykkt

3. Flotbryggja í Súðvíkurhöfn - 2111011

Tekið fyrir tilboð í flotbryggju frá Köfunarþjónustunni ehf. í 30 m langa flotbryggju, 3 m breiða dags. 26. nóvember 2021.

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja tilboð Köfunarþjónustunnar. Nefndin er á þeirri skoðun að heppilegasta staðsetning flotbryggju sé við Suðurgarð.

Samþykkt

4. Tesla hleðslustöðvar - 2111010

Tekið fyrir erindi frá Bláma er varðar Tesla hleðslustöð, um er að ræða þétt net af Tesla hleðslustöðvum á Vestfjörðum.

Uppsetningarkostnaður er áætlaður 100-200 þús eftir aðstæðum á hverjum stað.

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd leggur til við sveitarstjórn að settar verði upp þrjár Tesla hleðslustöðvar. Þær verði staðsettar t.d. á tjaldsvæðinu, inn í Djúp og við Grundarstræti.

Samþykkt

5. Umsókn um stöðuleyfi - 2111013

Tekin fyrir umsókn um stöðuleyfi fyrir 20 feta gám við Langeyri sem ætlað er undir geymslu.

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd samþykkir stöðuleyfi með þeim fyrirvara að til stendur að rýma svæðið. Umsækjanda er bent á gámasvæði ofan Árnass.

Samþykkt

Fundi slitið kl. 18:00.



Anna Lind Ragnarsdóttir


Hulda Gunnarsdóttir



Valgeir Scott


Þorbergur Kjartansson


Sigurdís Samúelsdóttir


Jóhann Birkir Helgason

. fundur Skipulags, bygginga, umhverfis og samgöngunefndar
01.12.2021



Bragi Þór Thoroddsen

